



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. janúar 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot). (Þingskjal 10 — 10. mál.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Barnaheill vinna að vernd barna gegn ofbeldi og hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að 194. gr. hegningarlaga verði breytt á þann veg að samþykki verði í forgrunni skilgreiningar á nauðgun og gert ráð fyrir eftirfarandi orðalagi:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef það er fengið með ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung, eða með því að beita blekkingum eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Núgildandi ákvæði hljóðar svo: Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Breytingin felst í því að það skuli teljast nauðgun þegar samræði eða önnur kynferðismök eru viðhöfð án samþykkis annars hvors aðilans, í stað þess að skilgreina nauðgun út frá verknaðaraðferðum, þ.e. að kynmök séu fengin fram með tilteknum aðferðum. Lagt er til að nauðgun sé skilgreind með því hvort samþykki liggi fyrir eða ekki.

Að mati Barnaheilla er það jákvætt skref og taka samtökin undir sjónarmið í greinargerð um að líklegt megi telja að það geti haft þau áhrif að gera folk meðvitaðra um mikilvægi þess að samþykki hafi verið líst með frjálsum vilja áður en kynferðismök eiga sér stað.

Huglæg afstaða þeirra sem eru þátttakendur í kynlífi er það sem mestu máli skiptir um hvort kynmök fari fram eða ekki. Vilji til kynmaka er grunnforsenda þess að af kynmökum geti orðið. Því telja Barnaheill það skynsamlegt að byggja refsíákvæði um nauðgun á þeirri forsendu og hverfa frá því að hafa verknaðarlýsingu sem aðaláherslu og ákvörðunaratriði.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram um samþykki: Hvað varðar hugtakið samþykki í 1. gr. frumvarpsins er ljóst að samþykki til þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum verður að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýðir að gefa þarf samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Ekki verður gerð krafa um að þátttakandi mótmæli eða sýni mótstöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn. Þá getur algert athafnaleysi ekki verið túlkað sem vilji til þátttöku.

Að mati Barnaheilla er mikilvægt að þessi skýring komi fram í greinargerð svo styðjast megi við hana við mat á því hvort nauðgun teljist hafa farið fram.

Barnaheill styðja við hvers kyns jákvæða þróun á kynferðisbrotakafli hegningarlaga sem leiðir til aukins skýrleika og til þess að lögin samrýmist nútímasjónarmiðum samfélagsins. Því styðja samtökin breytingatillögu þá sem fram kemur í ofangreindu frumvarpi.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að beita sér fyrir öflugri kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum landsins samhliða því að leiðbeina börnum og foreldrum í samskiptum og mikilvægi þess að setja mörk í persónulegum samskiptum og að virða mörk annarra.

Öll börn njóta kynfrelsis frá 15 ára aldri og nýtur það verndar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sbr. lög nr. 19/2013. Mikilvægt er að tryggja að lög og reglur séu í samræmi við nútímasjónarmið og tryggi bestu mögulegu lífsskilyrði og réttindi barna skv. sáttmálanum.